



RÍKISSKATTSTJÓRI

Alþingi
Erindi nr. P 139/491
komudagur 29.11.2010

Laugavegi 166 - 150 Reykjavík - Sími 563 1100
Fax 562 4440 - www.rsk.is - rsk@rsk.is

Alþingi, viðskiptanefnd
Selma Hafliðadóttir
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 26. nóvember 2010 02-2010110824
T-ums 78/10

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um úttekt á fjárhagsstöðu heimila og fyrirtækja - 238. mál.

Ríkisskattstjóri hefur þann 25. nóvember 2010 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Frumvarpinu er ætlað að tryggja efnahags- og viðskiptaráðherra aðgang að upplýsingum sem honum eru nauðsynlegar til að gera úttekt á fjárhagsstöðu heimila og fyrirtækja. Í 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um skyldu ýmissa „lögaðila“ til að afhenda upplýsingar. Fram kemur í 2. tölul. 1. mgr. greinarinnar að ríkisskattstjóra sé skylt að afhenda upplýsingar úr skattframtölum og vegna staðgreiðslu opinberra gjalda einstaklinga og lögaðila sem talið hafa fram til skatts hér á landi.

Frumvarpið var flutt á 138. löggjafarþingi en fékk ekki afgreiðslu. Af því tilefni lét ríkisskattstjóri viðskiptanefnd í té umsögn þann 17. maí 2010 þar sem fram kom að það væri mat embættisins að gera þyrfti breytingar á 3. gr. frumvarpsins þannig að ekki færi á milli mála að gögnin yrðu eingöngu afhent dulkóðuð. Ekki verður séð að tekið hafi verið tillit til þessarar athugasemdar ríkisskattstjóra og er hún því ítrekuð nú.

Ríkisskattstjóra telur það vera mjög óeðlilegt að svo viðkvæmar persónuupplýsingar liggi hjá pólitískum ráðherra og telur að slíkt sé ákaflega varhugavert. Benda má á að fjármálaráðherra sem fer með yfirstjórn skattamála í landinu hefur ekki aðgang að nafngreinanlegum upplýsingum sem embætti ríkisskattstjóra varðveitir.

Ennfremur ítrekar ríkisskattstjóri að ljóst er að söfnun upplýsinga og vinnsla þeirra í afhendingarhæft form kallar á aðkeypta tölvuþjónustu hjá embættinu og af þeim sökum fer embættið fram á að skýrt verði kveðið á um það í frumvarpinu að sá sem óskar upplýsinganna beri jafnframt allan þann kostnað sem til fellur við öflun þeirra og vinnslu í afhendingarhæft form.

Eins og frumvarpið lítur nú mælir ríkisskattstjóri gegn samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst